

5. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita styrk til þess að unnt verði að fegra Kristneshæli sem mest — innan veggja, m. a. með ræktun blóma.

6. gr.

Árlega skal veita úr sjóðnum til þessara hluta, samkvæmt mati sjóðsstjórnar þó má aldrei skerða stofnfé sjóðsins, kr. 2000.00, og veitt skal úr sjóðnum í fyrsta sinn 2. apríl 1969, á sjötugasta afmælisdegi Guðmundar Dagssonar og sé sá dagur síðan alltaf fastur úthlutunardagur sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður framlög sjóðsins hverju sinni og heimilt er henni að veita, ef svo ber undir, úr sjóðnum til annarra þarfra hluta en fegrunar hælisis og ráði magn atkvæða eða meiri hluti sjóðsstjórnar framkvæmdum í þeim efnun.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum og sé yfirlæknir Kristneshælis sjálfkjörinn formaður. Enn fremur eigi sæti í stjórninni yfirhjúkrunarkona hælisis, tveir menn úr stjórn Sjálfsvarnar, og einn maður úr hópi ófélagsbundinna vistmanna Kristneshælis. Skal sá maður skipaður af stjórn Sjálfsvarnar til eins árs í senn. Kjör stjórnarfulltrúa miðist einnig við eitt ár.

9. gr.

Verði sjóðsins ekki lengur þörf til þess, er hann upphaflega var ætlaður til, að dómi ráðamanna Kristneshælis, stjórnar sjóðsins og stjórnar Sjálfsvarnar, skal honum samkvæmt álitserð þessara aðila, varið til að styrkja einhver þau mannúðar- og menningarmál, sem að kalla á þeim tíma.

REGLUR**um yfirlækningaráð Landspítalans og Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg.**

1. gr.

Í yfirlækningaráði eiga sæti allir yfirlæknar Landspítalans og Rannsóknarstofu Háskólans við Barónsstíg, en staðgenglar þeirra í forföllum.

2. gr.

Hlutverk yfirlækningaráðs er að stuðla að eðlilegri þróun nefndra stofnana og vera ráðgefandi heilbrigðisstjórn í öllu því er varðar stjórn og rekstur þeirra.

3. gr.

Ráðið kýs framkvæmdastjórn: formann, varaformann og ritara. Formaður skal kosinn úr hópi prófessora. Kosning er skrifleg og ræður meiri hluti. Falli atkvæði jöfn, skal kosið aftur. Falli atkvæði enn jöfn, skal hlutkesti ráða.

4. gr.

Formaður skal kosinn til þriggja ára, og má ekki endurkjósa hann. Varaformaður og ritari skulu kosnir til þriggja ára, nema í fyrsta sinn skal varaformaður

kosinn til tveggja ára og ritari til eins árs. Í framkvæmdastjórn skal aðeins vera einn yfirlæknir frá hverri deild.

5. gr.

Yfirlæknaráð heldur fundi þegar framkvæmdastjórn telur ástæðu til. Þó skal formaður boða fund, þegar fjárhagsáætlun deilda er undirbúin, eða eigi síðar en í maímánuði ár hvert. Er það aðalfundur og skal þá kosið í framkvæmdastjórn. Fund skal og halda er tilnefnt er í læknisstöður, aðrar en kandidats- eða staðgengilsstöður til skemmri tíma. Enn fremur skal halda fund ef $\frac{1}{3}$ yfirlækna óskar þess. Við afgreiðslu mála ræður meiri hluti atkvæða, en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. gr.

Framkvæmdastjórn heldur fundi fyrsta föstudag hvers mánaðar, þó ekki í júlí, ágúst og september, en oftár, ef þörf krefur. Framkvæmdastjórn afgreiðir þau mál, sem hún telur ástæðu til að leggja fyrir fund í yfirlæknaráði. Sé framkvæmdastjórn ósammála, getur hver stjórnarmanna skotið ágreiningnum til fundar yfirlæknaráðs.

7. gr.

Fund í yfirlæknaráði skal að jafnaði boða með viku fyrirvara. Dagskrá skal fylgja fundarboði. Yfirlæknaráð og framkvæmdastjórn skulu halda gerðabók og séu fundargerðir undirritaðar að fundi loknum.

8. gr.

Þjóða má ráðamönnum heilbrigðis- og spítalamála á fund yfirlæknaráðs, þegar ástæða þykir til.

9. gr.

Til breytinga á reglum þessum þarf $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða mættra yfirlækna.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í sjúkrahúsálögum nr. 93 31. desember 1953 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 11. júní 1964.

Jóhann Hafstein.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um umferð í Grindavík.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Grindavíkurhrepps hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupúninu samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

Aðalbrautir:

Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Víkurbraut, Ægisgötu og Ránargötu. Athygli skal vakin á því, að vegir, sem liggja að aðalbraut, eru við vegamótin merktir biðskyldu ellegar stöðvunarmerki.

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, 19. júní 1964.

Björn Sveinbjörnsson.